



Umsögn

Sendandi: Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins (FHSS)

Dagsetning: 26. september 2025

Efni: Áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Mál nr. S-167/2025.

Í áformuðu frumvarpi er áformað að afnema áminningarskyldu sem undanfara uppsagnar, annars vegar, og lausnar um stundarsakir, hins vegar. Jafnframt eru áform um breytingar á ákvæðum starfsmannalaga um setningu í embætti.

Skylda stjórnenda til að áminna starfsmanna sem undanfara uppsagnar og lausnar um stundarsakir veitir stjórnendum opinberra stofnana aðhald, spornar við uppsögnum af geðþótta stuðlar að starfsöryggi opinberra starfsmanna og eykur gæði mannauðsstjórnunar innan stjórnsýslunnar. Afnáam áminningarskyldunnar í lögum nr. 70/1996 felur þ.a.l. í sér réttindaskerðingu fyrir starfsfólk á opinberum vinnumarkaði. FHSS bendir sérstaklega á að starfsfólk Stjórnarráðsins hefur ekki verkfallsrétt og hefur þ.a.l. takmarkaðri möguleika á að hafa áhrif á starfskjör og kjarasamningsbundin réttindi heldur en aðrar starfsstéttir.

Miklar kröfur eru gerðar til starfsfólks Stjórnarráðsins, sem flokkast sem æðra stjórnvald, og stendur starfsfólkið oft á tíðum frammi fyrir því að þurfa að taka erfiðar, flóknar og íþyngjandi stjórnvaldsákvarðanir sem gætu jafnframt síðar meir leitt til frekari ágreinings. Brottfall áminningarskyldunnar gæti þ.a.l. rýrt gæði slíkra stjórnvaldsákvarðana og starfsfólk veigrað sér frá því að standa undir þeirri ábyrgð sem fylgir við bæði töku slíkra ákvarðana og almennt í störfum innan Stjórnarráðsins.

FHSS hvetur til þess að sá hluti áformaðs frumvarps hvað varðar afnáam áminningarskyldunnar verði dreginn til baka. Þá telur FHSS að áformin þarfnist meiri undirbúnings og þörf er á meira samráði við stéttarfélög opinberra starfsmanna.

Virðingarfyllst,

FHSS.